


# Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara frá Skagafriði að Hveravöllum



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir

NV nr. 11-20  
September 2020

 <b>NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA</b>		<b>Dagsetning:</b> 1.8.2020
		<b>Dreifing:</b> <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
<b>Skýrsla nr:</b> NV nr. 11-20	<b>Verknúmer:</b> 564	
<b>Heiti skýrslu:</b> Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara frá Skagafirði að Hveravöllum		<b>Blaðsíður:</b> 17
		<b>Upplag:</b> 5
<b>Höfundur:</b> Margrét Hrönn Hallmundsdóttir		<b>Fjöldi korta:</b>
		<b>Gerð skýrslu/Verkstig:</b>
<b>Verkefnisstjóri:</b> Margrét H. Hallmundsdóttir		<b>Unnið fyrir:</b> Mílu
<b>Útdráttur:</b>  Fornleifaskráning vegna langingar á ljósleiðara frá Hveravöllum á Kili að Steinstöðum í Skagafirði. Leiðin var 78 km á lengd.		
<b>Lykilorð íslensk:</b> Fornleifaskráning. DEILISKIPULAG		<b>Lykilorð ensk:</b> Archaeological survey.
<b>Undirskrift verkefnastjóra:</b>  Margrét Hallmundsdóttir		<b>Yfirfarið af:</b>

## EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	3
1. INNGANGUR.....	4
2. AÐFERÐAFRÆÐI.....	4
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga .....	4
2.2 Skráning fornleifa .....	6
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ .....	6
3.1 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis.....	8
5.Niðurstöður.....	12
6. HEIMILDASKRÁ.....	13
7. Kort.....	14

## 1. INNGANGUR

Að beiðni Gunnars M. Jónssonar frá Mílu gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við lagningu ljósleiðara frá tengiboxi nærri Hvervöllum og að tengiboxi við Steinstaði í Skagafirði. Strengurinn liggur um Kjalveg og er alls 78 km á lengd. Að stórum hluta liggur strengurinn meðfram vegum en á nokkrum stöðum fjarri vegum. Farið var á fjórhjóli yfir þau svæði. Eins og gefur að skilja er ekki mikið af búsetuminjum á fjallvegum eins og Kili. Þó voru skráðar allnokkrar vörður innan þeirra marka sem skoðað var. Samkvæmt leiðbeiningum Minjastofnunar um fornleifaskráningu segir: „*Athugað er hvort fyrirliggjandi gögn um framkvæmdina s.s. skipulag og umhverfismat auk fornleifaskráningar sé fullnægjandi. Fornleifaskráning verður að ná yfir a.m.k. 15 metra svæði til hvorrar handar frá ystu mörkum framkvæmdarinnar,*“<sup>1</sup>. Vettvangsrannsókn fór fram dagana 21-22 júlí og var gerð af Margréti Hallmundsdóttir fornleifafræðingi. Með í för var Gunnar Örn Jakobsson sem er eftirlitsmaður verksins fyrir Mílu. Fær hann miklar þakkir fyrir hjálpina og að koma fornleifafræðingnum um svæðið bæði á bíl og fjórhjóli. Einnig fær Sólborg Una Pálsdóttir fornleifafræðingur þakkir fyrir veitta aðstoð en hún hafði áður skráð allar vörður á leiðinni og er mjög staðkunnug á svæðinu. Skýrsluskrif voru í höndum Margrétar.

## 2. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hefur áður verið skráð og stuðst var að hluta við þá skráningu. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki. Skoðað var svæði sem var um 50 m út frá fyrirhuguðum streng til beggja hliða frá útmörkum framkvæmdasvæðis.

### 2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

---

<sup>1</sup> Leiðbeiningarrit Minjastofnunar 2015 Veituframkvæmdir

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

„Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af/ kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

„fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

## 2.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 2169 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 2169-001.

## 3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Ljósleiðarinn verður lagður frá Steinsstöðum í Skagafirði upp Mæنيفellsdalinn, inn á Kjöl (að stórum hluta við vegi) og að tengi boxi sem er í nágrenni Hveravalla. Vörðurnar sem skráðar voru eru á landi jarðarinnar Mæنيفells. Mæنيفellsdalurinn er gróinn en hækkar hratt. Hann er alllangur og grösugur dalur sem liggur til suðurs milli Mæنيفellhnjúks og Járnhryggjar að austan en Reykjafjalls að vestan. Kjalvegur hin forni lág, og liggur enn

um Mænifellsdal og inn á öræfin. Vegurinn hófst eða endaði milli bæjar og kirkju á Mælifelli.<sup>2</sup>

Landslag á Kili er mjög mótað af jöklum ísaldar en henni lauk fyrir um 10.000 árum. Öll fjöll á Kili eru eldfjöll að uppruna og ber mest á móbergsstöpum og dyngjum sem myndast hafa við langvarandi flæðigos. Móbergsstaparnir, t.d. Hrútfell, hafa orðið til við gos undir jökli. Nokkru eftir ísaldarlok varð til gosdyngjan Kjalhraun. Í kvos norðan undir henni er háhitasvæðið Hveravellir.

Stysta leiðin milli Norður- og Suðurlands liggur yfir Kjöl. Á fyrstu öldum Íslandsbyggðar var Kjalvegur mikilvæg og fjölfarin samgönguleið. Í Landnámu segir að fyrstu könnunarferðir um Kjöl voru farnar um eða fyrir aldamótin 900 og þar eru Hveravellir nefndir Reykjavellir. Kjalvegur hinn forni er tvískiptur. Önnur leiðin liggur austan við Hveravelli, yfir Kjalhraun á milli Rjúpnafells og Kjalfells. Norðaustan Kjalfells er farið hjá Beinahóli, síðan niður með Svartá að Hvítá. Hin leiðin liggur í vestur frá Hveravöllum, með jaðarfjöllum Langjökuls, hjá vestanverðu Kjalhrauni að Hvítárvatni og koma leiðirnar saman við Hvítá. Þegar kom fram á 18. öld dró mjög úr ferðum um Kjalveg. Orsakir þess eru m.a. þær að þeim fór fækkandi sem sóttu Alþingi á Þingvöllum, en það var raunar lagt niður laust fyrir 1800 og áttu menn þá sjaldnar erindi um Kjöl. Einnig og ekki síður olli helför Reynistaðarbræðra óhug og ótta við leiðina. Daninn Daníel Bruun fór þar um undir lok 19. aldar, m.a. að frumkvæði hans var Kjalvegur varðaður. Allar ár á Kjalvegi eru brúaðar en akvegur er aðeins fær að sumarlagi.<sup>3</sup>

---

<sup>2</sup> Páll Sigurðsson. 2012:167.

<sup>3</sup> Vefur Umhverfisstofnunar <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-vestra/hveravellir-a-kili/>

### 3.1 Fornleifaskráning framkvæmdasvæðis

**Númer: 2169-001**

**Staðsetning:** A 482387 N550114

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Mógröf

**Staðhættir:** Milli Nautabús (Hornhvamms) og eyðibýlisins Hamarsgerðis rennur Mænifellsá. Sunnan megin við hana á strengurinn að fara. Þar liggur hann meðal annar yfir mýri þar sem eins mógröf er.



Mynd 1. Mógröfin í landi Hornhvamms

**Minjalýsing:** Mógröfin er mikið gróin og um 50 cm á dýpt. Hún er ferhyrnd og er 8x7 m að stærð. Hún er 28 m frá línulögninni.

**Hættumat:** Engin hætta þar sem hún er 30 m frá streng.

**Númer: 2169-002**

**Staðsetning:** A 481170 N 545275

**Hlutverk:** Vegvísir

**Tegund:** Varða

**Staðhætti:** Neðarlega í Mælifellsdalnum stendur varða á háum hól.

**Minjalýsing:** Varðan er hrunin en hefur verið nokkuð stór. Breidd hennar neðst er um 2 m í ummál.



Mynd 2. Varða 002.

**Hættumat:** Lítill hætta. Varðan er 13 m frá línulögn og ekki er fyrirhugað að leggja línuna upp á hólinn sem varðan stendur uppá.



**Númer: 2169-003****Staðsetning:** A 481200 N 543095**Hlutverk:** Vegvísir**Tegund:**Varða

**Staðhætti** Í Mælifellsdal stendur varða og er hún við gamlan veg sem liggur neðan við núverandi veg.

**Minjalýsing:** Varðan er mjög lág og hlaðin upp á stóran stein. Varðan er um 50 cm á hæð og um 50 cm í þvermá.

**Hættumat:** Lítill hætta. Varðan er um 8 m frá streng. Æskilegt er að merkja vörðuna.



Mynd 3, varða 003.

**Númer: 2169-004****Staðsetning:** A 481208 N 543170**Hlutverk:** Leið**Tegund:** Vegur

**Staðhætti.** Ofan af hálendinu og niður Mælifellsdaginn liggur gamall vegur.

**Minjalýsing:** Líklega er um gamlan bílveg að ræða sem hefur verið lagður þar sem gamla leiðin var. Greinilegt er að torfæruhjól eru keyrð á veginum. Strengurinn á að liggja við þennan gamla veg að stórum hluta í Mælifellsdalnum. Þessi vegur er neðan við núverandi bílveg. Mikill drulla er í veginum en greinilegt er að í hann hefur verið borið áður fyrr.

**Hættumat: Hætta.** Línan liggur meðfram veginum en hann ætti ekkert að skemmast við það þar sem aðallega er um drulluslóða að ræða sem hverfur ekki eða skemmist við framkvæmdina.



Mynd 4. Gamall vegur um Mælifellsdal.

**Númer: 2169-005****Staðsetning:** A 480439 N 532053**Hlutverk:** Vegvísir**Tegund:** Varða**Staðhætti:** Ekki fjarri þrílækjum og Svartá á Haukagilsheiði er varða.**Minjalýsing:** Varðan er hálfhrunin og er um 1 1/5 m í þvermál.**Hættumat:** Varðan er um 2 m frá línulögninni. Hnika þarf línunni framhjá vörðunni og merkja vörðuna.*Mynd 5. Varða 005.***Númer: 2169-006****Staðsetning:** A 480327 N 532303**Hlutverk:** Vegvísir**Tegund:** Varða**Staðhætti:** Ekki fjarri þrílækjum og Svartá á Haukagilsheiði er varða.**Minjalýsing:** Varðan 1,5 m á hæð er um 1 1/5 m í þvermál.**Hættumat:** Varðan er í línulögn frá línulögninni. Hnika þarf línunni framhjá vörðunni og merkja vörðuna.*Mynd 6. Varða 006.*

**Númer: 2169-009**

**Staðsetning:** A 480079 N 532838

**Hlutverk:** Vegvísir

**Tegund:** Varða

**Staðhætti:** Ekki fjarri þrílækjum og Svartá á Haukagilsheiði er varða.

**Minjalýsing:** Varðan 1 m á hæð er um 1 1/5 m í þvermál.



Mynd 7. Varða 009.

**Hættumat:** Varðan er 9 m frá línulögn frá línulögninni. Hnika þarf línunni framhjá vörðunni og merkja vörðuna.

**Númer: 2169-010**

**Staðsetning:** A480008 N 532981

**Hlutverk:** Vegvísir

**Tegund:** Varða

**Staðhætti** Ekki fjarri þrílækjum og Svartá á Haukagilsheiði er varða.

**Minjalýsing:** Varðan 1,7 m á hæð er um 1 1/5 m í þvermál.



Mynd 8. Varða 010.

Á einu svæði á leiðinni neðan við Draugaháls milli Blöndu og Herjólfslæks var áformað kom í ljós við vettvangsrannsókn að 8 vörður voru innan við 10 m frá streng. Þar sem eftirlitsmaður verksins fyrir hönd Mílu Gunnar Örn var með í för var strax tekin sú ákvörðun að hnika til línunni á þessu stað. Verður línan því færð á þessum stað frá vörðum þannig að þær verða öruggar.

Númer:	Staðsetning:	Hlutverk:	Tegund:	Fjarlægð áður	Fjarlægð nú
2169-011	N476098 A502647	Vegvísir	Varða	1 m	yfir 20 m
2169-012	N476081 A502809	Vegvísir	Varða	13 m	yfir 20 m
2169-013	N 476075 A502965	Vegvísir	Varða	9 m	yfir 20 m
2059-014	N 476069 A503069	Vegvísir	Varða	5,6 m	yfir 20 m
2169-015	N 476126 A503214	Vegvísir	Varða	7,8 m	yfir 20 m
2169-016	N 476189 A503322	Vegvísir	Varða	8.m	yfir 20 m
2169-017	N 476300 A503447	Vegvísir	Varða	5,5 m	yfir 20 m



Mynd 9. Myndin sýnir vörðurnar eins og þær voru áður en ákveðið var að færa línuna á þessu svæði.

## 5.NIÐURSTÖÐUR

Svæðið sem kannað var í þessari rannsókn var mjög víðfermt eða um 78 km. Mikið er af vörðum á þessari leið enda var og er Kjölur þjóðleið á milli Suðurlands og Norðurlands.

Færa þarf strenginn frá nokkrum vörðum [005-006-009-010]. Á einum stað neðan við Draugaháls voru átta vörður innan 10 m og var strax við vettvangsrannsókn ákveðið að færa streng frá því svæði. Þær vörur eru því ekki lengur á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Þar sem sami eftirlitsmaður Mílu Gunnar Örn var með í för til aðstoðar að koma fornleifafræðing um svæðið og verður við verkeftirlit með verktaka er engin hætt á að nein varða verði fyrir skemmdum. Á öllum stöðum er mögulegt að hnika línu frá hinni vörðuðu þjóðleið.

## 6. HEIMILDASKRÁ


Páll Sigurðsson. Ferðafélag Íslands árbók 2012. *Skagafjörður vestan vatna, frá skagatá að Jökli 7 frá Skagatá að Jökli*. Ferðafélag Íslands 202. Reykjavík.

Leiðbeiningarrit Minjastofnunar 2015 *Veituframkvæmdir. [án höf]* Minnastofnun Íslands 2015. Reykjavík

Vefur Umhverfisstofnunar <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-vestra/hveravellir-a-kili/>

## 7. KORT


Kort af línulögninni frá Hveravöllum að Skagafirði. Loftmynd : Bing





Kort með vörum sem sem skráðar hafa verið áður [Óútgefin skráning SUP] Loftmynd Bing

Kort sem sýnir staðsetningu minja 001-004. Loftmynd: Google map.





Kort sem sýnir staðsetningu minja 005-010. Loftmynd: Google map.

